



Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga

Aðalfundur 2014

föstudagurinn 28. mars.

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins
3. Lagabreytingar
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld
5. Kosning stjórnar sbr. 5. gr.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa inna félagsins
8. Önnur mál

Lagabreyting á 5. gr.

5. gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum; formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda sem kosnir skulu á aðalfundi. Auk þess skal kjósa einn varamann. Formann skal kjósa sérstaklega. Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin að öðru leyti með sér verkum.

Formaður og varaformaður félagsins sitja í miðstjórn Bandalags háskólamanna – BHM.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Annað árið skal kjósa formann og tvo stjórnarmenn en hitt árið tvo stjórnarmenn og varamann. Endurkjör er heimilt en enginn skal þó sitja lengur í stjórn en 3 kjörtímabil samfelld.

Stjórn SBU leggur til að hún verði:

5. gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum; formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda sem kosnir skulu á aðalfundi. Auk þess skal kjósa einn varamann. Formann skal kjósa sérstaklega. Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin að öðru leyti með sér verkum.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Annað árið skal kjósa formann og tvo stjórnarmenn en hitt árið tvo stjórnarmenn og varamann.

Greinagerð vegna lagabreytingar:

Önnur málsgrein er felld brott, þar sem BHM hefur ekki lengur miðstjórn. Auk þess gilda lög BHM um setu fulltrúa SBU í stjórnnum þar. SBU er hluti BHM og lýtur lögum bandalagsins hvað þátttöku þar varðar. Það þarf þess vegna ekki að taka þau mál sérstaklega fram í lögum SBU.

Síðasta málsgreinin er breytt þannig að þar eru ekki lengur takmarkanir á því hversu lengi fólk situr í stjórn félagsins. Það eru ókostir við það að fólk sitji of lengi í stjórnnum félaga, en það er líka óhagræði ef fólk situr stutt. Mat stjórnar SBU er að óhagræðið af því að sitja of stutt sé meira. Fólk eykur þekkingu sína á stjórnartíma og öðlast reynslu af samningagerð. Með því fyrirkomulagi sem nú gildir, er fólk sjaldan oftast en einu sinni eða tvisvar við samningagerð og þetta veikir félagið.

Skýrsla stjórnar Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Lögð fram á aðalfundi félagsins 27. mars 2014

Félagar

Í byrjun árs 2014 voru 286 félagar í SBU og hafði fjölgað um 30 á árinu eða um 9%.

Saga stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Félagið var stofnað 1998 upp úr tveimur eldri félögum, Kjaradeild Félags bókasafnsfræðinga og Bókavarðafélaginu. Það gekk við stofnun inn í BHM, en ekki höfðu allir félagar Bókavarðafélagsins verið þar áður. Um þær mundir hafði stéttin greint vel á milli fagmenntaðra bókasafns- og upplýsingafræðinga, eins og faggráðan hét þá, og bókavarða sem ekki höfðu háskólanám í þessum fræðum að baki. Fyrstu bókasafns- og upplýsingafræðingarnir með meistarágráðu frá HÍ höfðu nýlokið prófi og fáum árum seinna var tekið upp nám til þverfaglegar meistarágráðu, MILS, í fræðunum.

Stjórn SBU

Á aðalfundi 2013 voru breytingar á stjórn þar sem eitt af fimm sætum var laust en tveir stjórnarmenn buðu sig fram áfram. Breytingar urðu á endanum ekki miklar þar sem fjórir stjórnarmenn skiptu bara um sæti, sá er þetta talar var kosinn formaður, Erna Björg Smáradóttir gerðist varaformaður, Sveinn Ólafsson fráfarandi formaður tók að sér að vera gjaldkeri. Óskar Þór Þráinsson er áfram ritari. Einn nýr bættist við í stjórnina, Sigríður Bjarnadóttir og er hún óbreyttur stjórnarmaður.

Handbók stjórnar

Hefur verið í vinnslu árið 2013 og hefur Erna Björg Smáradóttir haft umsjón með því verki.

Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Að jafnaði eru haldnir stjórnarfundir einu sinni í mánuði að júlí undanskildum ef upp koma mál á milli funda eru þau annaðhvort leyst með tölvupóstsamskiptum eða það er boðaður aukafundur er þurfa þykir.

Þjónustuskrifstofan

Talsverðar breytingar hafa orðið á þjónustuskrifstofunni á árinu 2013. Þá var gengið endanlega frá skiptum 2012 og 2013 eftir að Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga sagði sig frá samstarfinu. Í staðinn fyrir KVH kom FHSS (Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins) inn í samstarfið. Einnig var ráðinn einn starfsmaður í viðbót við hina þrjá en að þessu sinni var ákveðið að ráða hagfræðing, sem gæti aðstoðað félögin við undirbúning fyrir kjaraviðræður og hefur hún nýst stjórnunum afskaplega vel sérstaklega við undirbúning fyrir kjaraviðræður. Fundir eru haldnir einu sinni á mánuði í stjórn þjónustuskrifstofunnar en í henni sitja formenn þeirra félaga sem að rekstrinum standa og skipta þeir með sér að vera formaður, gjaldkeri og ritari þeirra stjórnar í eitt ár í senn. Formaður SBU er ritari þetta árið og mun taka við sem formaður við næstu skipti.

Húsnæðismál

Mikill tími hefur farið í að ræða húsnæðismál félaganna 5 sem standa að rekstri þjónustuskrifstofunnar á fundum stjórnar hennar. Það er orðið nokkuð ljóst að það húsnæði sem við höfum til afnota núna er engan veginn nógu hagstætt fyrir þann rekstur sem félögin vilja standa fyrir. Var farið í að fá óháðan aðila til að taka út húsnæðið að Borgartúni 6 með tilliti til hversu vel það þjónar hagsmunum bæði þeirra sem vinna innan BHM og félagsmanna sem þurfa að sækja sér þjónustu þangað. Pro-Ark teiknistofa var fengin til að taka út húsnæðið og bílastæði gagnvart þeirri starfsemi sem er í húsinu hjá BHM. Niðurstaða þeirra var að hvorki húsnæðið sem BHM notar í dag á þriðju hæð hússins nýtist sem skyldi heldur er fjórða hæðin sem rætt hefur verið um að annað hvort leiga eða kaupa ekki hentugur kostur heldur. Og síðast en ekki síst eru það bílastæðamálin sem leysast ekki þó að starfssemin yrði færð upp á fjórðu hæð. Samþykkt var á fundi stjórnar þjónustuskrifstofunnar þann 5. febrúar að fá Kjartan Sigurbjartsson, byggingarfræðing hjá Pro-Ark til að koma með tillögu að því hvernig húsnæði mundi henta fyrir rekstur þjónustuskrifstofunar ef svo fer að öll starfsemi BHM flytji ekki í nýtt húsnæði.

Formannaráð BHM

Formannaráð fer með æðsta vald í málefnum BHM á milli aðalfunda. Því ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum til fyllingar daglegri ákvarðanatöku sem er hlutverk stjórnar. Formannaráð veitir stjórn aðhald og veitir henni umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarþingum og samþykkt á aðalfundum.

Í formannaráði eiga sæti formenn allra aðildarféлага bandalagsins og stjórn þess. Ef formaður aðildarfélags á sæti í stjórn BHM skipar hlutaðeigandi félag annan mann úr stjórn þess til setu í formannaráði. Forfallist formaður tekur varaformaður hans sæti. Formannaráðið skal funda fjórum sinnum á ári hið minnsta.

Kannanir 2013

Á starfsárinu réðst félagið í samstarfi við Bandalag háskólamanna (BHM) í umfangsmikla könnun á kjörum félagsmanna. Könnun þessi var gerð af rannsóknar- og ráðgjafafyrirtækinu Maskínu á tímabilinu 15. mars - 22. apríl og markar hún fyrsta skrefið í langtímaverkefni sem felur í sér árlega könnun á kjörum og viðhorfi félagsmanna í aðildarfélögum BHM. Mikilvægi kjarakönnunar er ótvírætt. Með henni hefur náðst betri yfirsýn yfir kjör félagsmanna sem kemur m.a. að góðum notum þegar mótuð er kröfugerð fyrir kjarasamninga. Í könnuninni var annars vegar spurt um árslaun fyrir árið 2012 og hins vegar um laun í febrúar 2013. Meðalárslaun félagsmanna í aðildarfélögum BHM á árinu 2012 voru 6.391.000 þús. kr. og meðalheildarlaun í febrúar 2013 eru kr. 522.000. Munur á heildarlaunum eftir stéttarfélögum var umtalsverður. Prófessorar voru þar hæstir en leikstjórar lægstir.

Á árinu sendi félagið einnig út spurningakönnun um áhersluatriði í komandi kjarasamningum. Sú könnun var gerð í samstarfi við hin aðildarfélög þjónustuskrifstofu FFFSS. Hagfræðingur þjónustuskrifstofunnar framkvæmdi könnunina og notaði til þess vefkönnunar umhverfi Survey Monkey sem skrifstofan keypti aðgang að á starfsárinu. Niðurstöður könnunarinnar voru

afgerandi og voru félagsmenn sammála um að aðaláhersla yrði sett á aukinn kaupmátt. Horft var á niðurstöður þessar við mótun kröfugerðar félaganna.

Kjaramál

Árið 2013 var kjarasamningaár þó að samningar hafi ekki verið lausir fyrir en í febrúar 2014. Þann 1. mars 2013 hækkuðu laun félagsmanna um 3.25%. Samningar voru styttr og voru í gildi hjá flestum okkar félagsmönnum út janúar 2014. Félagsmenn með samninga við ríkið fengu svo 38.000 króna eingreiðslu þann 1. febrúar 2014.

Ólíkt því sem var við gerð seinustu kjarasamninga sem voru varnarsamningar var núna stefnt á að ná fram leiðréttingum á kjörum háskólamenntaðra sem hafa dregist verulega aftur úr frá hrúni.

Undirbúningur fyrir samninga byrjaði snemma árs með könnun sem BHM lét gera um kaup og kjör og er stefnt að því að vera með viðlíka könnun árlega. Þegar leið á seinni hluta árs 2013 var settur á laggirnar kjarahópur á vegum félaganna 5 sem standa að rekstri þjónustuskrifstofunnar sem hafði það hlutverk að koma með tillögur sem við gætum nýtt okkur í komandi kjaraviðræðum og var ákveðið að í þessum hópi væru ekki formenn félaganna. Fyrir hönd SBU voru það Sveinn Ólafsson og Sigríður Bjarnadóttir sem tóku þátt í þessari hópavinnu sem stóð yfir í nokkrar vikur.

Við undirbúningi að kjarasamningum skiptum við með okkur verkum þannig að Sigrún Guðnadóttir vann í samningum við sveitarfélögin, Sigríður Bjarnadóttir í samningum við Reykjavíkurborg og Erna Björg Smáradóttir í samningum við ríkið. Í þetta skiptið var ekki gerður heildarsamningur við Samtök atvinnurekenda og í raun gilda taxtar ríkis sem lágmarkslaun á almennum markaði. Óskar Þór Þráinsson og Sveinn Ólafsson fengu einnig sinn skammt, vegna þess að við miðluðum upplýsingum um hvað væri að gerast og bárum saman bækur okkar ásamt því að vera varamenn í viðræðum við samningsaðila.

Meðal þess sem við vildum leggja áherslu á í komandi kjarasamningum er að þeir sem vinna hjá sveitarfélögum og Reykjavíkurborg eigi rétt á rétt á launuðu námsleyfi en hafi ekki bara heimild eins og hjá ríkinu hafi þeir unnið fjögur ár eða lengur hjá sömu stofnun. Finnst okkur það mikið réttlætismál að félagsmenn hafi sömu réttindi sama hvort þeir vinni hjá ríki, borg, öðrum sveitarfélögum eða á almennum markaði.

Stofnaður var aðgerðarhópur hjá þeim 5 félögum sem reka saman þjónustuskrifstofuna og var Erna Björg Smáradóttir fyrir hönd SBU í honum. Hlutverk hans var að finna út hvaða leiðir væru færar í að koma sjónarmiðum háskólamentaðra á framfæri. Síðan var sá hópur sameinaður þeim sem var stofnaður fyrir BHM eftir að ákveðið var að öll aðildarfélögin innan BHM færu saman í viðræður við alla samnisaðila. Sá hópur hafði það hlutverk að koma með tillögur að kynningum fyrir BHM, Erna Björg Smáradóttir var áfram okkar maður í þeim hóp. Meðal þess sem aðgerðarhópurinn skipulagði voru félagsfundir sem haldnir voru í Háskólabíói en fyrsta fundin sóttu yfir 800 manns. Hópurinn kom einnig með tillögur að vinnustaðafundum á vegum BHM og mættu þangað formaður BHM ásamt formanni/stjórnarmanni þess félags sem var með flesta félagsmenn á sínum snærum og mætti formaður SBU á Borgarbókasafn og átti þar góðan fund með félagsmönnum ásamt fundi sem haldin var í Kópavogi.

Það fór því mikill tími hjá stjórnarmönnum í það að undirbúa sig fyrir samningaviðræður sérstaklega þeim sem eru aðalmenn í samninganefndum. Í byrjun árs 2014 voru yfirleitt undirbúningsfundir einu sinni í viku með hverri samninganefnd og mættu yfirleitt aðalmenn á þá fundi.

Starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar

Starfsmatsnefnd tók til afgreiðslu tvær beiðnir um endurmat. Fulltrúi SBU var á þeim fundum sem þar sem fjallað var um endurmatið. Annað starfsheitið var afgreitt, en hitt látið bíða þar til endurskoðun á starfsmatskerfinu hefur farið fram.

Starfsmatsnefndin og fulltrúar stéttarféлага fóru til Bretland í haust til að kynna sér starfsmatskerfið, hvernig það er notað annars staðar og breytingar sem hafa orðið á því. Eftir ferðina hafa fulltrúar frá stéttarfélögum og Reykjavíkurborg unnið að endurskoðun starfsmatsins. Anna Lilja Magnúsdóttir hjá Proskapjálfafélaginu hefur verið fulltrúi BHM í endurskoðun á starfsmatinu og starfsreglum starfsmatsins.

Félagið vinnur fyrir alla félagsmenn sem til þess leita en við förum ekki sjálf og leitum að verkefnum heldur verða félagsmenn að leita til stjórnar, trúnaðarmanna eða til þjónustuskrifstofunnar með þau mál sem upp hjá þeim koma. Voru þó nokkur mál sem komu inn á borð til okkar á þessu starfsári og var unnið úr þeim eftir bestu vitund og getu.

Við erum tilbúin til að taka upp málefni allra þeirra sem snúa sér til okkar. Ég vek sérstaka athygli ykkar á að öll mál sem þið teljið vera erfitt að ræða við náðið samstarfsfólk, næsta yfirmann eða annan sem þið umgangist daglega í vinnunni, má leysa með aðkomu fólks sem starfar við þetta á skrifstofunni. Þau vinna við þetta og mál eru yfirleitt meðhöndluð öðruvísi þegar þau koma að, vandinn sem fylgir nándinni er leystur að hluta.

Við vinnum með þau í samstarfsefndum sveitarfélaga, þar með taldri Reykjavíkurborg, og á svipaðan hátt gagnvart ríkinu. Það krefst þess að félagsmaður snúi sér til okkar með umkvörtunarefni og að við getum unnið úr því á grundvelli gagna sem lögð eru fram. Á vefnum sbu.is er að finna lista yfir trúnaðarmenn SBU.

Atvinnuleysi hefur yfirleitt ekki verið mikið hjá okkar stétt. Þó fór það í tæp 5% árið 2011 en var á árinu 2013 um 2%.

Framundan er áframhaldandi vinna við gerð kjarasamninga því að um leið og búið verður að skrifa undir þá samninga sem eru í vinnslu núna verður hafin vinna við næstu samninga sem er eins og staðan er í dag ætlaðir til lengri tíma heldur en þessir sem verið er að vinna við.

Á samstarfsnefndarfundum Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 5. mars síðastliðin voru eftirfarandi breytingar samþykktar:

1. Breyting á starfaskilgreiningu sérfræðings 1

Samstarfsnefndin er sammála um að breyta starfaskilgreiningu sérfræðings 1 í sérákvæði með gildandi kjarasamningi aðila sem hér segir:

Sérfræðingur 1

Vinnur almenn sérfræðistörf undir stjórn annarra, vinnur í samvinnu við aðra sérfræðinga og ber ábyrgð á verkefnum sínum gagnvart yfirmanni. Sérfræðingur 1 raðast þó að lágmarki sem sérfræðingur 2 eftir 6 mánaða starf, sem sérfræðingur.

2. Breyting á starfaskilgreiningum bókasafns- og upplýsingafræðinga

Samstarfsnefndin er sammála um að breyta starfsheiti bókasafns- og upplýsingafræðinga sem hér segir:

Bókasafns- og upplýsingafræðingur 1 Ifl. 20

Vinnur almenn sérfræðistörf undir stjórn annarra, vinnur í samvinnu við aðra sérfræðinga og ber ábyrgð á verkefnum sínum gagnvart yfirmanni. Bókasafns- og upplýsingafræðingur 1 raðast þó að lágmarki sem Bókasafns- og upplýsingafræðingur 2 eftir 6 mánaða starf, sem sérfræðingur

Bókasafns- og upplýsingafræðingur 2 Ifl. 23

Vinnur almenn sérfræðistörf undir stjórn annarra, vinnur í samvinnu við aðra sérfræðinga og ber fullnaðar ábyrgð á verkefnum sínum. Hefur bein samskipti við aðrar deildir og/eða stofnanir.

Bókasafns- og upplýsingafræðingur 3 Ifl. 25

Starfið felur í sér umsjón verkefna og/eða málaflokka. Í starfinu getur falist stefnumótunarvinna og mikil samskipti við aðra starfsmenn og stofnanir. Deildarstjóri með 1-3 starfsmenn.

Fréttamiðlun til félagsmanna

Til að miðla fréttum og upplýsingum til félagsmanna notar félagið tölvupóst, Facebook og svo vef SBU. Félagsmenn geta einnig farið inn á vefinn stett.is sem er nýji vefur þjónustuskrifstofunnar og vef BHM.

Facebook

SBU notar Facebook mikið notuð til að koma skilaboðum til félagsmanna sinna. Að meðaltali náum við til 174 félagsmanna á viku þegar skilaboð eru sett á Facebook.

Vefurinn

Vefur félagsins var settur af stað í júní 2013. Hann er unninn í WordPress en hýstur hjá Allra8, sem einnig veitti ráðgjöf og vann í uppsetningu vefsins. Erna, Óskar og Sveinn hafa unnið að vefnum fyrir hönd félagsins, sett upp vefsíður og efni, bætt inn fréttum og tilkynningum.

Vefnum er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsingavefur um starfsemi félagsins, en einnig tenging milli stjórnar félagsins, þjónustuskrifstofu þess og félaga. Þau viðmið voru notuð við uppsetningu að hann lagaði sig að ólíkum tækjum (responsive design) og að auðvelt væri að setja upp tengingar við félagsmiðla.

Með því að nota WordPress er notað kerfi sem er í stöðugri þróun og opnum aðgangi. Lausnir í kerfinu eru oft ódýrar og stundum ókeypis. Meginvinnan við vef SBU er að setja inn nýtt efni og breytingar á kerfinu.

Samkvæmt vefmælingum voru innlit á vefinn frá því 16. júlí 2013 til 16. mars 2014 1.372 en síðuflettingar 3.294. Að meðaltali voru notendur að skoða 2.4 síður í hverri heimsókn. Flest innlit hafa verið inn á síðu sem fjallar um Kjarasamninga og umfjöllun um breytingar á námi í Upplýsingafræði.

Breytingar á námi í bókasafns- og upplýsingafræði - samstarf við Upplýsingu

Á síðastliðnu ári jókst enn meira samstarf SBU og Upplýsingar hvað varðar framtíð stéttarinnar. Bæði félögin beittu sér gagnvart þeim breytingum sem gerðar hafa verið á námi í Bókasafns- og upplýsingafræði við H. Í. og fóru undirrituð og formaður Upplýsingar á fund með forseta Félagsvísindadeildar, rekstrarstjóra Félagsvísindasviðs og forseta Félags- og Mannvísindadeildar til að ræða þessar breytingar sem gerðar voru á náminu ásamt því að rita bréf til háskólaráðs, skorarformanns, forseta Félagsvísindasviðs og menntamálaráðherra þar sem látið var í ljós ónægja okkar með það hvernig að þessum breytingum var staðið. Aðalástæða þess að SBU hefur tekið þátt í þessu samstarfi er að okkur finnst vanta eitt yfirheiti bæði fyrir námið okkar og það umhverfi sem við störfum í. Upplýsingafræði nær betur yfir það heldur en bókasafnsfræði hvort sem þeir sem vinna á bókasöfnum eða við skjalastjórn eða vefumsjón eru öll að vinna með upplýsingar.

Meðal þess sem kom út úr þeim fundi var að þessu yrði ekki breytt til baka þ.e.a.s. þessar breytingar voru einbeittur vilji þeirra sem að náminu koma innan háskólans. Eftir fund okkar með forseta Félagsvísindadeildar var ákveðið að halda málþing um framtíð námsins í samvinnu við Upplýsingu og H.Í. þar sem gestafyrirlesari var rektor IVA (Det Informationvidenskablige Akademi) Per Hasle ásamt því að Sveinn Ólafsson kynnti niðurstöður kjarakönnunar SBU. Stjórn SBU lét athuga lögmæti þessarar ákvörðunar, en það var Jón Sigurðsson hrl. sem það gerði og samkvæmt honum þá hefur Háskóli Ísland fullt leyfi til að ákvarða hvernig námi við skólann er háttað og ekkert sem við getum gert gagnvart þeirri ákvörðun.

Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Dagana 21.-23. ágúst sótti 17 manna hópur frá Bandalagi háskólamanna og aðildarfélögum þess Nordisk Akademiker Forum. Í þessum hópi voru níu frá félögunum sem standa að rekstri þjónustuskrifstofunnar. Fulltrúi SBU var Erna Björg Smáradóttir, varaformaður.

Nordisk Akademiker Forum er haldið þriðja hvert ár og er vettvangur BHM og systurbandalaga þess á Norðurlöndum til að ræða málefni háskólamenntaðra. Norðurlöndin (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð) skiptast á að halda ráðstefnuna og var hún haldin á Hotel Frederiksdal í Kongens Lyngby í Danmörku að þessu sinni. Öll umgjörð og skipulagning var til fyrirmyndar og fyrirlestrarnir og umræður afar áhugaverðar. Ráðstefnunni var skipt í fjögur þemu:

1. Vinnuumhverfi: Vinna án marka
2. Háskólapólitík: Hvað eru gæði í háskólanámi og hvernig viðheldur maður gæðunum þegar fjöldi nemenda eykst?
3. Ævilaun

4. Félagslegir frumkvöðlar

Starfsþróunarsetur háskólanna

Ríkið greiðir núna hærra framlag til starfsþróunar, 0,35% af heildarlaunum í Starfsþróunarsetur háskólanna og 0,22% af heildarlaunum í Starfsmenntasjóð BHM, en áður var greitt af dagvinnulaunum. Viljum við gjarnan að þeir sem starfa fyrir Reykjavíkurborg og sveitarfélögin hafi einnig aðgang að starfsþróunarsetrinu.

Styrkur SBU

Samþykkt var á seinasta aðalfundi SBU að félagið hafi heimild til að veita styrk til félagsmanna að upphæð 200.000 árlega til eins verkefnis sem stuðlar að framgangi stéttarinnar. Félagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef þær uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir styrkveitingunni.

Störf stjórnarmanna

Formaður SBU: Sat í stjórn þjónustuskrifstofunnar ásamt því að sitja í formannaráði BHM. Mætti á kjararáðstefnu á vegum BHM, ríkisins, Así og fleiri aðilum sem koma að kjaramálum. Sat fund með þeim félögum SBU sem vinna í framhaldsskólum. Mætti á nokkra fundi vegna breytinga á námi í bókasafns- og upplýsingafræði með formanni Upplýsingar, ásamt því að fara á fundi vegna einstakra mála hjá félagsmönnum þegar þau komu upp. Kom aðeins að hönnunarvinnu við nýjan vef félagsins. Sat í samninganefnd BHM við sveitarfélögin og tók þátt í undirbúningi vegna samninga við þau. Sat aðalfund BHM.

Varaformaður SBU: Sat í samninganefnd v. ríkis, var í aðgerðarhópum þjónustuskrifstofu og BHM vegna kjarasamninga, tók þótt í Framaðögum, sat í undirbúningshópi v. ráðstefnu SBU, Upplýsingar og HÍ, sat í þróunarhóp, fulltrúi SBU á ráðstefnu í Danmörku, vann að vef félagsins. Sat einnig fund í kjara- og réttindaráði, fór á kjararáðstefnu, sat aðalfund styrktarsjóðs.

Gjaldkeri SBU. Vann að vef félagsins, vann í kröfumótunarhópi félaganna sem reka saman þjónustuskrifstofu.

Ritari SBU Ritari SBU sat Stjórnarfundum SBU, vann að vef félagsins, sótti aðalfund BHM, samráðsfundi þjónustuskrifstofu og var fyrir hönd SBU á málþingi sem haldið var um framtíð námsins.

Meðstjórnandi SBU:

Sat í samninganefnd v. Reykjavíkurborg, vann í kröfumótunarhópi félaganna sem reka saman þjónustuskrifstofu, vann með Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar vegna endurmats starfa og endurskoðun á Starfsmatskerfinu, sat fundi hjá kjara- og réttindanefnd BHM. Fór á kjararáðstefnu og aðalfund BHM.

Til stjórnar Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

1. Markmið endurskoðunarinnar

Við höfum lokið endurskoðun á ársreikningum Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Vísindasjóðs SBU og Kjaradeilusjóðs SBU fyrir árið 2013. Markmið endurskoðunarinnar er fyrst og fremst að tryggja að ársreikningarnir gefi glögga mynd af rekstri og efnahag þeirra. Einnig er leitast við að aðstoða stjórn SBU við að tryggja að fullnægjandi innra eftirlit sé til staðar hjá félaginu. Tilgangurinn er hins vegar ekki að leiða í ljós óverulegar skekkjur. Við höfum leiðrétt allar skekkjur sem við komum auga á. Við þökkum starfsfólki fyrir gott samstarf við endurskoðunina.

2. Framkvæmd endurskoðunarinnar

Við endurskoðunina voru gerðar kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum að því marki sem við töldum nauðsynlegt í tengslum við endurskoðun á ársreikningum félagsins. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits með einstökum þáttum í starfsemi. Við endurskoðunina voru afstemmingar yfirfarnar og tilvist og mat eignaliða sannreynt. Gengið var úr skugga um að skuldbindingar félagsins væru tilgreindar í ársreikningunum.

3. Áherslur og athugasemdir

3.1 Félagsgjöld / iðgjöld

Lokað var á bókun tekna inná árið 2013 þann 31. janúar 2014. Þær skilagreinar sem skiluðu sér eftir þann tíma vegna ársins 2013 eru því bókaðar inn á árið 2014. Um óverulegar fjárhæðir er að ræða.

Tekjuferill var kannaður með úrtakskönnunum, valdir voru af handahófi nokkrir félagsmenn og kannað var hvort tekjur vegna þeirra væru að bókast rétt í bókhald félaganna. Engin frávik komu upp við þessa skoðun.

3.2 Rekstrarkostnaður

Farið var yfir framlög til BHM. Greiðslur til BHM voru 18% af félagsgjöldum ársins 2013. Gjöld til þjónustuskrifstofu hækka um 1,4 millj.kr. milli ára. Fyrirkomulagi húsnæðismála var breytt þannig að nú er leiga félagsins innifalin í framlagi til FFSS. Leigan hækkaði lítillega á árinu en framlagið hækkaði jafnframt vegna aukins rekstrarkostnaðar þjónustuskrifstofu og vegna uppgjörsins á Huggarði. Leigan var áður sér liður í öðrum rekstrarkostnaði. Annar rekstrarkostnaður var yfirfarinn og breytingar milli ára greindar. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 52% milli ára þegar tekið er tillit til að leigan er nú flokkuð sér. Ástæður fyrir hækkun eru meðal annars nýir gjaldaliðir s.s. kostnaður við gerð heimasíðu og nýs merkis, kostnaður við kjarasamninga, hönnun, prentun sem og hærri lögfræðikostnaður. Vakin er enn athygli á því að verið er að kaupa aðkeypta þjónustu af nokkrum aðilum en engin skil voru á verktakamiðum til Ríkisskattstjóra, en aðkeypt þjónusta er framtalsskyld.

Áritun óháðra endurskoðanda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 28. mars 2014
Margrét Pétursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Rekstrartekjur	2013	2012
Félagsgjöld.....	11.975.757	10.967.578
	<u>11.975.757</u>	<u>10.967.578</u>
Rekstrargjöld		
BHM	2.154.751	1.881.984
Þjónustumiðstöð FFSS (Huggarður).....	5.446.958	4.045.598
Laun og launatengd gjöld.....	3.271.641	2.775.902
Annar rekstrarkostnaður.....	2.725.040	2.560.678
	<u>13.598.390</u>	<u>11.264.162</u>
Rekstrartap	(1.622.633)	(296.584)
	<u>(1.622.633)</u>	<u>(296.584)</u>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur.....	279.723	264.041
Fjármagnstekjuskattur.....	(55.415)	(52.187)
Vaxtagjöld og bankakostnaður.....	(10.289)	0
Söluhagnaður vegna Ásbrú sf.....	0	0
	<u>214.019</u>	<u>211.854</u>
Tap ársins	(1.408.614)	(84.730)
	<u><u>(1.408.614)</u></u>	<u><u>(84.730)</u></u>

Eignir	2013	2012
Fastafjármunir		
	<u>0</u>	<u>0</u>
Fastafjármunir samtals	<u>0</u>	<u>0</u>

Veltufjármunir

Útistandandi félagsgjöld.....	1.012.710	868.849
Krafa á Vísindasjóð SBU.....	200.000	200.000
Handbært fé.....	7.412.885	8.594.625

Veltufjármunir samtals	8.625.595	9.663.474
-------------------------------	------------------	------------------

Eignir samtals	8.625.595	9.663.474
-----------------------	------------------	------------------

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....	9.276.464	9.361.194
Hagnaður (tap) ársins.....	(1.408.614)	(84.730)

Eigið fé samtals	7.867.850	9.276.464
-------------------------	------------------	------------------

Skuldir

Skammtímaskuldir

Ógreitt vegna BHM.....		
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	757.745	387.010
Ógreitt v/ auglýsingaherferðar BHM.....	0	0

Skammtímaskuldir samtals	757.745	387.010
---------------------------------	----------------	----------------

Skuldir samtals	757.745	387.010
------------------------	----------------	----------------

Eigið fé og skuldir samtals 8.625.595 9.663.474

Handbært fé frá rekstri	2013	2012
Innborganir:		
Innborguð félagsgjöld.....	11.831.896	11.015.695
Innborgaðir vextir.....	279.723	264.041
	<hr/>	<hr/>
Innborganir vegna rekstrar	12.111.619	11.279.736
	<hr/>	<hr/>
Útborganir:		
Greitt til BHM.....	2.154.751	1.881.984
Greitt til Þjónustumiðstöðvar FFSS (Huggarðs).....	5.446.958	4.045.598
Greidd laun.....	2.900.906	2.864.962
Greiddur annar rekstrarkostnaður.....	2.725.040	2.560.678
Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	65.704	52.187
	<hr/>	<hr/>
Útborganir samtals	13.293.359	11.405.409
	<hr/>	<hr/>
Fjárfestingarhreyfingar		
Seldur eignarhlutur í Húsfélaginu Ásbrú	<hr/> 0	<hr/> 0
Fjárfestingarhreyfingar	<hr/> 0	<hr/> 0
	<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri.....	(1.181.740)	(125.673)
Handbært fé í ársbyrjun	8.594.625	8.720.298
Handbært fé í árslok	7.412.885	8.594.625
	<hr/>	<hr/>

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kjaradeilusjóðs SBU

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 28. mars 2014

Margrét Pétursdóttir

lögiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

Rekstrarreikningur 2013

	2013	2012
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur.....	347.949	762.040
Fjárvörslukostnaður.....	(60.000)	(42.000)
Fjármagnstekjuskattur.....	(31.534)	(35.442)
	<u>256.415</u>	<u>684.598</u>
Hagnaður ársins	<u>256.415</u>	<u>684.598</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	2013	2012
Veltufjármunir		
Verðbréfaeign.....	16.080.433	14.390.206
Handbært fé.....	3.220.292	4.654.104
	<u>19.300.725</u>	<u>19.044.310</u>
Veltufjármunir samtals	<u>19.300.725</u>	<u>19.044.310</u>
Eignir samtals	<u>19.300.725</u>	<u>19.044.310</u>
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....	19.044.310	18.359.712
Hagnaður ársins.....	256.415	684.598
	<u>19.300.725</u>	<u>19.044.310</u>
Eigið fé samtals	<u>19.300.725</u>	<u>19.044.310</u>

Sjóðstreymi 2013

Handbært fé frá rekstri	2013	2012
Innborganir:		
Innborgaðir vextir.....	157.722	177.261
Innborganir samtals	<u>157.722</u>	<u>177.261</u>
Útborganir:		
Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður..	91.534	77.442
Keypt verðbréf.....	1.500.000	0
Útborganir samtals	<u>1.591.534</u>	<u>77.442</u>
Handbært fé frá rekstri.....	(1.433.812)	99.819
Handbært fé í ársbyrjun.....	4.654.104	4.554.285
Handbært fé í árslok.....	<u>3.220.292</u>	<u>4.654.104</u>

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vísindasjóðs SBU

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 28. mars 2014

Margrét Pétursdóttir

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

Rekstrarreikningur 2013

Rekstrartekjur	Skýr.	2013	2012
lögjöld.....		7.669.957	7.676.935
		<hr/>	<hr/>
		7.669.957	7.676.935
		<hr/>	<hr/>
Rekstrargjöld			
Greiddir styrkir.....		7.385.236	7.427.801
Annar rekstrarkostnaður.....		18.414	25.365
		<hr/>	<hr/>
		7.403.650	7.453.166
		<hr/>	<hr/>
	Rekstrarhagnaður	266.307	223.769
		<hr/>	<hr/>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		92.971	89.813
Fjármagnstekjuskattur.....		(18.588)	(17.958)
		<hr/>	<hr/>
		74.383	71.855
		<hr/>	<hr/>
	Hagnaður ársins	340.690	295.624
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	2013	2012
Veltufjármunir		
Útistandandi iðgjöld.....	834.605	703.354
Handbært fé.....	1.318.071	1.108.632
	<hr/>	<hr/>
Veltufjármunir samtals	2.152.676	1.811.986
	<hr/>	<hr/>
	Eignir samtals	2.152.676
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
 Eigið fé		
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....	1.611.986	1.316.362
Hagnaður ársins.....	340.690	295.624
	<hr/>	<hr/>
Eigið fé samtals	1.952.676	1.611.986
	<hr/>	<hr/>
 Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skuld við Stéttarfélag SBU.....	200.000	200.000
	<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals	200.000	200.000
	<hr/>	<hr/>
	Eigið fé og skuldir samtals	2.152.676
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>

Sjóðstreymi 2013

Handbært fé frá rekstri	2013	2012
Innborganir:		
Innborguð félagsgjöld.....	7.538.706	7.944.420
Innborgaðir vextir.....	92.971	89.813
Innborganir samtals	<u>7.631.677</u>	<u>8.034.233</u>
Útborganir:		
Greiddir styrkir.....	7.385.236	7.427.801
Greiddur annar rekstrarkostnaður.....	18.414	25.365
Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	18.588	17.958
Útborganir samtals	<u>7.422.238</u>	<u>7.471.124</u>
Handbært fé frá rekstri.....	209.439	563.109
Handbært fé í ársbyrjun.....	1.108.632	545.523
Handbært fé í árslok.....	<u>1.318.071</u>	<u>1.108.632</u>